

# Fundur NOS

**haldinn í ráðhúsinu í Hveragerði mánudaginn  
13.september 2021 kl. 14:30**

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Árni Eiríksson, Elliði Vignisson og Björgvin Skafti Bjarnason. Einnig sat fundinn Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020
2. Ákvörðun um aðalfund.
3. Bréf frá Rétti ehf (trúnaðarmál)
4. Forstöðumaður kynnir starfið
5. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar
6. Staða úttektar á SVÁ
7. Önnur mál.

## 1. **Ársreikningur 2020.**

Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2020. Samþykkt að breyta uppsetningu á ársreikningi þannig að einnig komi fram í honum sú fjárhagsáætlun sem lá fyrir árinu. Stjórn samþykkir að vísa ársreikningnum til aðalfundar.

## 2. **Ákvörðun um aðalfund.**

Samþykkt að halda aðalfund ársins 2021 þann 13. október 2021 kl 14:00. í Flóahreppi.

## 3. **Bréf frá Rétti ehf (trúnaðarmál)**

Þjónustunni barst bréf frá Rétti ehf lögmannsstofu. Samþykkt að fela Steinunni Kolbeinsdóttur lögmanni hjá Lögmonnum Suðurlands, að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

## 4. **Forstöðumaður fór yfir starfið framundan.**

Nýr forstöðumaður tók til starfa í byrjun ágúst og er þetta því hennar fyrsti fundur með stjórninni. Melkorka er boðin velkomin til starfa. Forstöðumaður fór yfir þau verkefni sem liggja fyrir á næstunni umfram almenna starfsemi.

-Ný lög um velsæld barna sem taka að hluta til gildi um áramót. Samþykkt að formanni sé falið að ráða ráðgjafa sem mun vinna að innleiðingu laganna fyrir þjónustuna og sveitarfélögin.

-Vinna við að fá og innleiða nýtt skjalakerfi fyrir þjónustuna. Samþykkt að fela forstöðumanni í samráði við ritara þjónustunnar að finna kerfi sem hentar þjónustunni best.

## 5. **Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar**

Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar. Forstöðumaður mun vera í sambandi við umsjónarsveitarfélag varðandi vinnu að fjárhagsáætlun.

**6. Staða úttektar á SVÁ**

Farið var yfir stöð mála varðandi úttekt á starfseminni. Málið er í fullri vinnslu.

**7. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30  
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari